

Nr. 1241

16. desember 2014

GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitir og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2.000 lítra og minni	7.512
2.001 – 4.000 lítra	8.693
4.001 – 6.000 lítra	10.361

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 6.219 á rúmmetra við losun.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 52.220 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 315 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 120,8 í desember 2014.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1289/2013.

Borgarnesi, 16. desember 2014.

Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2015